



Reykjavík, 8. maí 2015

Niðurstaða athugunar á lánveitingum Landsbankans hf. til lögaðila

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á nýjum lánveitingum Landbankans til lögaðila. Athugunin fór fram á öðrum ársfjórðungi 2014. Markmið athugunarinnar var að kanna útlánaferli Landsbankans, með tilliti til fylgni við útlánareglur og stefnu bankans um verðlagningu og tryggingatöku.

Landsbankinn afhenti Fjármálaeftirlitinu yfirlit yfir öll ný útlán bankans á 12 mánaða tímabili sem voru hærrí en 100 milljónir króna. Fjármálaeftirlitið tók lánveitingar til þriggja lögaðila til nánari skoðunar og var miðað við að eitt útlán væri til viðskiptavinar sem væri þegar í viðskiptum við bankann, annað væri til viðskiptavinar sem ekki hefði verið í viðskiptum við bankann fyrir veitingu lánsins og þriðja útlánið væri til fyrirtækis sem tengdist hótélgeiranum. Útlánin námu samtals tæpum 1,9 milljarði króna. Athugunin fór þannig fram að Fjármálaeftirlitið skoðaði feril lánveitinga frá því umsókn eða beiðni um lánveitingu barst Landsbankanum og þar til að bankinn hafði greitt lánið út. Við athugunina studdist Fjármálaeftirlitið aðallega við lánareglur bankans, gögn sem tengdust lánasamþykktum og verklagsreglur um lánshæfismat.

Niðurstaða athugunarinnar

Niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á þeim upplýsingum sem aflað var og miðast við stöðuna á þeim tíma sem athugunin fór fram.

Að mati Fjármálaeftirlitsins voru fyrrgreindar lánveitingar bankans í samræmi við innri reglur bankans. Fjármálaeftirlitið gerði þó athugasemd við að bankinn hefði ekki farið eftir eigin verklagsreglu varðandi mat á lánshæfi eins viðskiptavinar bankans.